

108. fundur

Reykjavík 21. desember 2021

2009621SA

Málalykill: 16.33

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og  
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 21. desember 2021.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Ellisif Tinna Viðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

**1. Stytting vinnuvikunnar.**

LSS fór yfir áhyggjur félagsmanna af verulegum launalækkunum sem gætu orðið að veruleika við kerfisbreytinguna vegna styttingu vinnuvikunnar.

*Komi til þess að breyting á vinnutíma vaktavinnufólks og aðlögun vinnuskipulags, nái ekki þeim markmiðum sem lagt er upp með í nýju launamyndunarkerfi, að teknu tilliti til eðli og starfsemi stofnunar, þá skal stýrihópur samningsaðila fjalla um málið og finna lausn til að hópar starfsmanna njóti ekki lakari kjara eftir breytingu.*

LSS fór einnig yfir að sumir rekstraraðilar virðast fá þau skilaboð frá Sambandinu að 8 tíma vaktir séu skylda í nýju kerfi, sem það sannarlega er ekki.

**Niðurstaða.**

Kerfið er smíðað í kringum 8 tíma vaktir en ekkert mælir gegn því að lengd vakta sé með ólíkum hætti enda ákvæði kjarasamnings óbreytt hvað það varðar. Nýtt greiðslufyrirkomulag skilar mestum ábata fyrir 8 tíma vaktkerfi. Málin rædd og verða unnin áfram.

Fleira var ekki gert.